



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEDJA TIL FORSETA ÍTALÍU

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í dag sent forseta Ítalíu Giorgio Napolitano samúðarkveðjur sínar og íslensku þjóðarinnar vegna hörmunganna sem orðið hafa í kjölfar jarðskjálftanna í Abruzzo. Fjöldi hefur látist og þúsundir misst heimili sín. Fjölskyldur og vinir hinna látnu og slösuðu og hinir heimilislausu muni vonandi öðlast styrk til að glíma við sorgir og erfiðleika.

Forseti vék einnig í kveðjunni að rannsóknum Íslendinga á sviði jarðskjálfta og hinu öfluga viðvörðunarkerfi sem íslenskir vísindamenn og sérfræðingar hefðu þróað. Sú þekking gæti verið framlag Íslendinga til þjóða sem byggja við hættu á jarðskjálftum.

6. apríl 2009

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).